

Minnisblað hafnarstjóra er varðar geymsluport Suðurtanga

Geymsluportið á Suðurtanga var endurgert árið 2004 og var hugsað til bráðbirgða þar sem bárujárnsklæðning var reist á rústum netgirðingar sem þar var fyrir. Frá upphafi má segja að Geymsluportið hafi verið fullt og færri komist að en viljað. Það lá fyrir í upphafi að við uppbyggingu geymslusvæðis við Funa að þá yrði þessi starfsemi flutt þangað þegar það yrði klárt. Það hefur hins vegar ekki gerst að Geymsluportið hafi verið rýmt og flutt í Engidal eins og hafnarstjórn hafði rætt um á sínum tíma til að rýma svæðið á Suðurtanga þegar deiliskipulag svæðisins væri lengra á veg komin og ljóst yrði hvaða mynd skipulag svæðisins tæki.

Hafnarstjórn ákvað á 202. fundi sínum 24/01/2019 að hefja undirbúning að lokun svæðisins þar sem það er ekki á gildandi skipulagi og að það hefur í raun verið staðreynd að svæðið hafi laðað að sér frekari rusla söfnun.

Hafnarstjóri gerir það að tillögu sinni að geymsluportið verði rifið og eigendum varnings í geymsluportinu verði gefinn kostur á að fjarlægja gáma og annan búnað sem þarna er á varanlegri geymslusvæði á þeirra eigin vegum.

Ísafirði 09/12/2022

Guðmundur M Kristjánsson

Hafnarstjóri